



Fréttatilkynning  
06 May 2024 08:50:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 22. mars 2024 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum að fjárhæð 5 milljarðar króna sem upphaflega var tilkynnt um þann 17. febrúar 2023.

Í viku 18 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 998.000 eigin hluti að kaupverði alls kr. 100.467.138 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dags	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
29.4.2024	09:31:11	12.658	100,00	1.265.800	38.459.625
29.4.2024	10:04:36	200.000	101,00	20.200.000	38.659.625
29.4.2024	10:06:02	12.658	100,50	1.272.129	38.672.283
29.4.2024	11:14:27	24.184	101,00	2.442.584	38.696.467
30.4.2024	11:02:25	249.500	100,75	25.137.125	38.945.967
2.5.2024	11:02:55	249.500	101,00	25.199.500	39.195.467
3.5.2024	10:56:56	249.500	100,00	24.950.000	39.444.967
	<b>Samtals vikan</b>	<b>998.000</b>		<b>100.467.138</b>	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 18 átti bankinn 38.446.967 eigin hluti, sem nemur 1,92% af útgefnum hlutum. Í þessari umferð endurkaupa hefur bankinn keypt 4.780.729 hluti, sem nemur 0,24% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 483.593.064 í umferðinni.

Í þessari umferð endurkaupa er áætlað að kaupa allt að 10 milljón hluti sem jafngildir 0,50% af útgefnum hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 25. mars síðastliðinn og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 30. júní 2024.

Frá upphafi endurkaupaáætlunar í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 39.444.697 eigin hluti eða sem nemur 1,97% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014 um markaðssvik og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.



Fréttatilkynning  
06 May 2024 08:50:00 GMT

#### Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

#### Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar ná árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeyningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB+/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

#### Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)